

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um fjárfestingarafurð þá sem tilgreind er hér að neðan. Skjal þetta er ekki markaðsefni. Upplýsingagjöfin er lögbundin og í þeim tilgangi að hjálpa þér við að skilja eðli, áhættu, kostnað, hugsanlegan ávinning og tap af afurðinni og hjálpa þér við að bera hana saman við aðrar afurðir.

Afurð

Heiti sjóðs:	A/F Vaxtabréf hs.	Sjóður þessi hefur hlotið staðfestingu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og er rekinn af A/F Rekstraraðila hf., sem er með starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða og starfar samkvæmt heimild og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Um starfsemina gilda lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
ISIN:	IS0000035863	Nánari upplýsingar um A/F Rekstraraðila hf. má finna á heimasíðu A/F Rekstraraðila hf., www.arctica.is/afrekstraradili/um-afrekstraradila .
Kennitala:	451223-9920	
Vefsíða:	www.afrekstraradili.is	
Rekstraraðili:	A/F Rekstraraðili hf. kt. 660121-1370	
Heimilisfang:	Katrínartún 2, 105 Reykjavík	
Sími:	513-3311	Lykilupplýsingar þessar miðast við 4. desember 2023

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund

Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta, sbr. X. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, og er rekinn sem hlutdeildarsjóður, sbr. IX. kafla sömu laga. Sjóðurinn er með staðfestu á Íslandi og er eingöngu markaðsettur á Íslandi. Sjóðurinn er markaðssettur til almennings sem og fagfjárfesta. Nánari upplýsingar má finna í útboðslýsingu sjóðsins.

Markmið

Markmið sjóðsins er að ávaxta fjármuni sjóðsins með fjárfestingum í skuldabréfum og kröfum, sem gefin eru út í íslenskum krónum. Til að ná markmiði sínu hefur sjóðurinn heimildir innan afmarkaðrar fjárfestingarstefnu.

Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í íslenskum skuldabréfum og víxlum útgefnum af ríkissjóði, sveitarfélögum, opinberum stofnunum, fjármálafyrirtækjum og fyrirtækjum. Að auki hefur sjóðurinn heimild til að fjárfesta í íslenskum innlánnum fjármálafyrirtækja og öðrum peningamarkaðsgerningum. Með „íslenskum“ er átt við að útgáfan sé í íslenskum krónum.

Eignasamsetning, meðallíftími skuldabréfa og verðtryggingarhlutfall sjóðsins getur verið breytilegt frá einum tíma til annars.

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður, þ.e. ekki er greiddur út arður af hlutdeildarskírteinum sjóðsins. Afborganir, vextir og aðrar tekjur af eignum bætast við sjóðinn.

Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Sjóðurinn er ætlaður almennum fjárfestum sem og fagfjárfestum og hentar þeim sem vilja fjárfesta í dreifðu safni skuldabréfa og krafna í íslenskum krónum. Sjóðurinn hæfir ekki þeim sem hyggjast taka fé sitt út innan eins til tveggja ára, þar sem nokkrar sveiflur geta orðið á ávöxtun sjóðsins.

Líftími

Sjóðurinn er opinn og hefur ekki skilgreindan líftíma. Rekstraraðilinn hefur heimild til að slíta sjóðnum við tiltekna aðstæður, en sjórn rekstraraðilans tekur ákvörðun um slit sjóðsins og skal tilkynnt til Fjármálaeftirlitsins. Nánari upplýsingar er að finna í reglum og útboðslýsingu sjóðsins.

Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

Minni áhætta

Meiri áhætta



Áhættuvísir gengur út frá því að þú haldir afurðinni í 2 ár

Útreiknaður áhættuvísir er leiðbeinandi um áhættustig þessarar afurðar í samanburði við aðrar afurðir. Áhættuvísir mælir áhættu út frá staðalfráviki sögulegrar ávöxtunar og sýnir hversu líklegt er að afurðin muni lækka í verði vegna hreyfinga á mörkuðum. Lægsta áhættuflokkunin merkir ekki að fjárfestingin sé áhættulaus. Þar sem sjóðurinn var stofnaður í desember 2023, er áhættuvísirinn reiknaður út frá skuldabréfavisitölu sem skiptist jafnt milli NASDAQ OMX Iceland Benchmark Bonds – Heildarvirði og Skuldabréfavisitölu Kviku.

Þessi afurð mælist í áhættuvísi 2 af 7, þ.e.a.s. sem lágur áhættuvísir og merkir lága áhættu í sveiflum í gengi sjóðsins. Áhættuvísirinn endurspeglar verðbreytingar á eignum sem sjóðurinn fjárfestir í.

Áhættuflokkunin sem sýnd er hér að ofan er ekki tryggð og getur tekið breytingum með tímanum. Þessi afurð felur ekki í sér vörn gegn markaðsáhættu, sem þýðir að þú gætir tapað hluta af eða allri fjárfestingu þinni í sjóðnum.

Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum sem áhættuvísirinn nær ekki yfir eru m.a. seljanleikaáhætta, lausafjáraáhætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta. Frekari upplýsingar um áhættu sjóðsins má finna í útboðslýsingu sjóðsins.

Árangurssviðsmyndir

Sviðsmyndir taka mið af fjárfestingu fyrir 1.000.000 kr.

	Ef innleyst eftir:	1 ár	2 ár
Álags sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir kostnað	850.401 kr.	890.079 kr.
	Meðalávöxtun á hverju ári	-15,0%	-5,7%
Óhagstæð sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir kostnað	996.116 kr.	1.018.302 kr.
	Meðalávöxtun á hverju ári	-0,4%	0,9%
Hófleg sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir kostnað	1.028.543 kr.	1.065.912 kr.
	Meðalávöxtun á hverju ári	2,9%	3,2%
Hagstæð sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir kostnað	1.062.114 kr.	1.115.812 kr.
	Meðalávöxtun á hverju ári	6,2%	5,6%

Taflan hér að ofan sýnir þá fjárhæð sem þú gætir fengið til baka á næstu 1 til 2 árum samkvæmt mismunandi sviðsmyndum, miðað við fjárfestingu fyrir 1.000.000 kr.

Sviðsmyndunum er ætlað að varpa ljósi á hver árangur fjárfestingar þinnar gæti mögulega verið og hægt er að bera þær saman við sviðsmyndir annarra afurða. Sjóðurinn var stofnaður í desember 2023 og því er ekki hægt að sýna sögulega ávöxtun hans. Sviðsmyndirnar eru settar fram sem mat á framtíðarárangri og eru byggðar á skuldabréfavisitölu sem skiptist jafnt milli NASDAQ OMX Iceland Benchmark Bonds – Heildarvirði og Skuldabréfavisitölu Kviku og sýna hvernig verðmæti þessarar fjárfestingar breytist, en er ekki nákvæmur mælikvarði. Það sem þú færð út úr fjárfestingu veltur m.a. á markaðsaðstæðum og fjárfestingartíma. Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður og hún tekur ekki tillit til aðstæðna þar sem sjóðurinn getur ekki greitt þér.

Tölurnar sem sýndar eru í töflunni að ofan fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa og hámarks þóknun sem greitt er til söluaðila í upphafi, en ekki endilega allan þann kostnað sem þú greiðir til ráðgjafa eða söluaðila. Tölurnar taka ekki tillit til skattastöðu þinnar sem getur haft áhrif á hversu mikið þú færð greitt eftir greiðslu fjármagnstekjuskatts.

Hvað gerist ef A/F Rekstraraðili hf. getur ekki greitt út?

Sjóðurinn ber einn ábyrgð á skuldbindingum sínum. Einvörðungu eignir sjóðsins standa til fullnustu skuldbindingum sjóðsins. Rekstraraðili og vörsluaðili sjóðsins (T Plús hf.) bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans. Vörsluaðili sjóðsins heldur eignum sjóðsins aðskildum frá eignum annarra, þar með talið A/F Rekstraraðila hf. Sú áhætta er fyrir hendi að eignir sjóðsins tapist að fullu. Eignir og innstæður sjóða um sameiginlega fjárfestingu njóta ekki tryggingarverndar samkvæmt lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Hver er kostnaðurinn?

Aðili sem selur eða veitir ráðgjöf um þessa afurð kann að innheimta gjald, vegna annars kostnaðar, sem ekki er fjallað um hér. Ef svo er mun sá aðili veita þér upplýsingar um þann kostnað og sýna þér hvaða áhrif hann mun hafa á fjárfestingu þína.

Lækkun á ávöxtun (e. *reduction in yield*, RIY) sýnir hvaða áhrif heildarkostnaður sem þú greiðir mun hafa á ávöxtun sem þú kannt að fá af fjárfestingu. Heildarkostnaður samanstendur af stökum kostnaði, viðvarandi kostnaði og aukakostnaði (sjá umfjöllun um samsetningu kostnaðar síðar). Tölurnar í töflunni að neðan gera ráð fyrir að þú fjárfestir fyrir 1.000.000 kr. Fjárhæðirnar sem sýndar eru í töflunni hér fyrir neðan fela í sér uppsafnaðan kostnað yfir mismunandi fjárfestingartímabil, tölurnar eru áætlaðar og geta breyst í framtíðinni.

Við gerum ráð fyrir 0% árlegri ávöxtun á fyrsta árinu og á öðru ári gerum við ráð fyrir ávöxtun samkvæmt hóflegri sviðsmynd.

Fjárfesting: 1.000.000 kr.

Innlausn eftir:

1 ár

2 ár

Heildarkostnaður

21.500 kr.

35.636 kr.

Lækkun á ávöxtun á ári (RIY) *

2,15%

1,68%

(*) Þetta sýnir hvernig kostnaður lækkar ávöxtun þína á hverju ári á eignarhaldstímanum.

Samsetning kostnaðar

Þessi tafla sýnir kostnaðinn á hverju ári

Stakur kostnaður	Inngöngukostnaður	0,80%	Áhrif kostnaðar sem þú greiðir við upphaf fjárfestingar. Þetta er hámarks kostnaður sem þú gætir greitt og í sumum tilfellum er mögulegt að gjaldið sé lægra. Í þessum kostnaði felst gengismunur og sölubóknun.
	Útgöngukostnaður	0,00%	Ekki er innheimtur útgöngukostnaður eða, innlausnar-gjald, en söluaðili kann að innheimta fasta krónutölu (600-1.000 kr.) í afgreiðslugjald.
Viðvarandi kostnaður	Viðskiptakostnaður	0,12%	Áhrif kostnaðar við að kaupa og selja undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina. Byggist á áætlun þar sem sjóðurinn hóf starfsemi í desember 2023.
	Kostnaður við eignastýringu, rekstur og vörslu sjóðsins	1,15%	Áhrif kostnaðar sem fellur á sjóðinn árlega, m.a. vegna umsýslu hans og vörslu. Byggt á rauntölum þegar sjóðurinn hefur starfað í 1 ár.
Aukakostnaður	Árangurstengdar þóknarir	0,00%	Við innheimtum ekki árangurstengda þóknun.

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Ráðlagður fjárfestingartími er 2 ár.

Sjóðurinn hæfir þeim sem vilja ávaxta fé sitt í 2 ár eða lengur þar sem nokkrar sveiflur geta orðið á ávöxtun hans. Hlutdeildarskírteini sjóðsins eru innleyst að kröfu eiganda á því innlausnarvirði (gengi) sem gildir á innlausnardegi viðskipta með hlutdeildarskírteinin. Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina í undantekningartilvikum, enda þjóni það hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina. Beiðnir um kaup eða innlausnir, sem berast söluaðila fyrir kl. 13:00, á viðskiptadegi, ber að afgreiða tveimur viðskiptadögum síðar (T+2). Beiðnir, sem berast eftir þetta tímamark, ber að afgreiða sem þær hafi borist fyrir kl. 13:00 á næsta viðskiptadegi.

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að bera fram kvörtun til A/F Rekstraraðila hf., söluaðila sjóðsins, með tölvupósti á afrekstraradili@afrekstraradili.is eða í síma 513-3311 eða í bréfpósti til A/F Rekstraraðila hf., Katrínartúni 2, 15. hæð, 105 Reykjavík. Upplýsingar um meðhöndlun kvartana viðskiptavina má finna á heimasíðu A/F Rekstraraðila hf., www.arctica.is/afrekstraradili/upplýsingar/rettarurraedi.

Aðrar upplýsingar sem máli skipta

Frekari upplýsingar um sjóðinn, gengi sjóðsins, reglur hans, lykilupplýsingablað, útboðslýsingu, ársreikninga og árshlutareikninga má nálgast á heimsíðu A/F Rekstraraðila, www.arctica.is/afrekstraradili.